

Fundargerð

21. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 2. november 2012 kl. 11:00 í Eldey, Grænásbraut 506, 235 Reykjanesbæ.

Mætt: Árni Sigfússon formaður, Magnús Stefánsson, Ásgeir Eiríksson og Gunnar Ellert Geirsson boðuðu forföll og Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri. Róbert Ragnasson og Kjartan Eiríksson boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Stjórn skiptir með sér verkum
2. Ímynd Suðurnesja – kynning á skýrslu
3. Merkingar á Suðurnesjum
4. Atvinnuleysistölur
5. Verkefnastaða Heklunnar
6. Önnur mál

1. mál Stjórn skiptir með sér verkum

Óbreytt skipan stjórnar samþykkt.

2. mál Ímynd Suðurnesja – kynning á skýrslu

Magnús Árni Magnússon frá Expectus kynnti drög að skýrslu.

Félagið er reiðubúið að taka yfir stjórn og starfsemi Markaðsstofu Suðurnesja frá og með næstu áramótum.

3. mál Merkingar á Suðurnesjum

Skoða þarf merkingar með upplýsingum um svæðið á völdum stöðum fyrir ferðamenn.

Framkvæmdastjóri setur undirbúning í gang í samstarfi við Markaðsstofu Suðurnesja.

4. mál Atvinnuleysistölur

Atvinnulausir á Suðurnesjum eru samtals 958 skv. tölum frá Vinnumálastofnun og Starf ehf.

Atvinnulausum hefur fjölgað um liðlega 100 í október.

Heklan lýsir yfir áhyggjum með að ekki séu lengu til samræmdar upplýsingar um atvinnulausa á Suðurnesjum og felur framkvæmdastjóra að afla skýrari gagna um málið.

5. mál Verkefnastaða Heklunnar

Framkvæmdastjóri fór yfir verkefnastöðu Heklunnar.

6. mál Önnur mál

-Framkvæmdastjóra falið að safna saman upplýsingum um mennta- og fræðastofnanir á suðurnesjum þ.e. tilgang, fjölda stöðugilda og verkefni.

-Atvinnuþróunarfélag Suðurlands kemur í heimsókn 12. nóvember nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:20.